

# GEÐROF



Hvað er geðrof? Ástand þar sem tengslin við raunveruleikann rofna. Erfitt verður að greina milli ímyndunar og raunveruleika.



Einkenni geðrofs: ranghugmyndir, ofskynjanir og hugsanatrufnanir.



Geðrof er eitt af einkennum geðrofssjúkdóma eins og geðklofa.

**3/100**

Geðrof er ekki svo óalgengt. Þrír af hverjum 100 fá geðrof um ævina og lang flestir fyrir þritugt.




Til er öflug og örugg meðferð við geðrofi og geðrofssjúkdómum.



Allir geta farið í geðrof. Hversu líklegt það er ræðst af undirliggjandi viðkvæmni. Streituvallar eins og áföll, kannabisneysla eða mikið álag í skóla geta útleyst geðrof.



Meðferð með geðrofslyfjum. Mikilvægt er einnig að læra að takast á við sjúkdóminn og efla færni í daglegu lífi. Fræðsla, heilbrigður lífsstíll, stuðningur við nám og vinnu, samtalsmeðferð, vitræn endurhæfing.



Allir geta náð bata og lifað góðu lífi í samfélaginu með lífsgæðum, hvort sem þeir eru með einkenni eða ekki.

